

## Samþykktir

Fyrir Fjarskiptafélag Öræfinga.

### 1. gr. Heiti

Félagið heitir Fjarskiptafélag Öræfinga.

### 2. gr. Heimilisfang

Heimili félagsins og varnarþing er á heimili formanns hverju sinni.

### 3. gr. Tilgangur

Tilgangur félagsins er að stuðla að bættum fjarskiptum í Öræfasveit m.a. með því að beita sér fyrir aðgangi allra heimila og fyrirtækja í Öræfasveit að ljósleiðara sem Rarik hefur lagt frá Reynivöllum í Suðursveit að Skaftafelli í Öræfasveit. Ennfremur með því að gera áætlanir um tengingu við ljósleiðarann inná öll heimili og fyrirtæki í sveitinni og beita sér fyrir framkvæmdum í því sambandi. Þá skal félagið einnig semja við fjarskiptafyrirtæki um aðgang að hvers konar efni og nauðsynlegum tengingum.

### 4. gr. Stofnendur

Stofnendur félagsins eru allir íbúar og fyrirtæki í Öræfasveit sem vilja taka þátt í verkefninu. Stjórninni er heimilt að veita öðrum íbúum og fyrirtækjum Sveitarfélagsins Hornafjarðar og sveitarstjórninni aðild verði eftir því leitað.

### 5. gr. Aðalfundur

Aðalfundur félagsins skal haldinn ár hvert eigi síðar en fyrir lok apríl mánaðar. Á aðalfundi skal taka fyrir eftirfarandi mál:

1. Stjórnarformaður flytur skýrslu stjórnar
2. Lagðir skulu fram endurskoðaðir ársreikningar félagsins
3. Kosnir skulu 3 fulltrúar í stjórn félagsins og einn til vara
4. Kosnir skulu 2 endurskoðendur og skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi

## 5. Önnur mál

Aðalfund skal boða skriflega með minnst viku fyrirvara og geta skal dagskrár í fundarboði. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins til aðalfundar skulu hafa borist stjórn eigi síðar en 15. apríl ár hvert.

## 6. gr. Stjórn

Stjórn félagsins skal skipuð þremur mönnum og einum til vara. Stjórnin skal kosin til eins árs og skiptir hún með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi.

Stjórnin stýrir öllum málefnum félagsins og kemur fram út á við fyrir hönd þess. Stjórnin skal sjá til þess að starfsemi og skipulag hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda félagið. Stjórn félagsins getur veitt prókúrumboð fyrir félagið.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Þó skal leitast við að allir stjórnamenn hafi tök á að fjalla um allar mikilvægar ákváðanir sé þess nokkur kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Rita skal fundargerðir um það sem gerist á stjórnarfundum.

## 7. gr. Boðun stjórnarfunda

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnamaður getur krafist stjórnarfunda. Í fundarboði skal getið dagskrár fundarins og hvaða málefni verða tekin til afgreiðslu.

## 8. gr. Starfsmenn

Stjórn félagsins getur ráðið starfsmenn og ráðgjafa til sérstakra verkefna.

## 9. gr.

Stjórnin velur löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár.

## 10. gr. Reikningar

Starfsár og reikningsár er frá 1. Janúar til 31. Desember. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og hafa lagt hann fyrir endurskoðendur eigi síðar en 15. mars ár hvert.

---

## 11. gr.

Hagnaður sem kann að verða af starfsemi félagsins skal lagður til hliðar og honum varið til þess að ná markmiðum félagsins sbr. 3. gr. Hugsanlegt tap af starfsemi félagsins verður greitt úr sjóðum þess eða fært á næsta reikningsár.

## 12. gr.

Breyting samþykktta, slit og sameining.

Heimilt er að breyta samþykktum félagsins og þarf til þess samþykki 2/3 hluta félagsmanna. Til að auka skuldbindingar aðila þarf þó samþykki allra félagsmanna.

13. gr. Slit

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi og þurfa 2/3 hlutar fundarmanna að samþykkja slitin. Við slit á féluginu skal hrein eign þess renna til hliðstæðra verkefna sem tilgreind eru í 3. gr. eftir nánari ákvörðun stjórnar.

Samþykktir þessar voru samþykktar á stofnundi félagsins þann 15. Júní 2008 og öðlast þegar gildi.

Stofnendur félagsins staðfesta ofangreindar samþykktir með undirritun sinni hér undir.

Hofgarði 15. Júní 2008.

Hilmar Þorsteinsson 071135-2589

Ólafur Bergmann 170652-2669

Sigrun Geirfjónsson 240532-3879

Guðrún Þórunnundarson - 020158-4689

Gunnar Þóruson 170166-3299

Gudjón Þorsteinsdóttir 130349-2699

Benedikt Þórðar Þórsson 050849-7169.

Halldór Þorsteinsson 140327-7869

Sigurður Steinmáðsdóttir 170468-4229

Brynja Krishánsdóttir 121056-2759

Gudjón Þorsteinsdóttir 071239-3309

Sigurður Þ. Gunnlaugsson 110643-2179

Þorlákur Magnússon 090346-4159

Frida Ólafsdóttir 421091-1109  
Dóra S. Þórhótt

Fállina Þorsteinsdóttir 290155-5689

13. gr. Slit

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi og þurfa 2/3 hlutar fundarmanna að samþykkja slitin. Við slit á félagini skal hrein eign þess renna til hliðstæðra verkefna sem tilgreind eru í 3. gr. eftir nánari ákvörðun stjórnar.

Samþykktir þessar voru samþykktar á stofnfundi félagsins þann 15. Júní 2008 og öðlast þegar gildi.

Stofnendur félagsins staðfesta ofangreindar samþykktir með undirritun sinni hér undir.

Hofgarði 15. Júní 2008.

Ulfur Þjarnadóttir 050347-2309 Hof 4  
Sigrún Þ. Þjarnaðor 310344-4199 Hof 4  
Sigurdur Magnússon 04109418-3099  
Ásdís Guðmarsdóttir 101244-4589  
Halla Tinna Arnardóttir 281088-2469  
Sigurdur Guðmásson 0905565179  
Guðrún Bergsdóttir 270734-5029  
Sigrún Bergsdóttir 270730-4199  
Saundra Oddsdóttir 270567-5099  
Aistri S. Jónasson 150855-5949